


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSA MBANDSMÁL



E F N I :

Bls.

Útlitsteikning	1
Fjárhagsáætlun	2
Dr. Helgi Pjeturss og afrek hans, Þorsteinn Jónsson						3
Steinunn J. Inge, Þ.G.	9
Eftirtektarverður draumur og fjarhrif, Bjarni Bjarnason						10
Sigurvænleiki hikleysisins, Þ.J.	12
Eftirmáli heftisins, Þ.J.	14
Grunnteikning	15
Frá Burdlík, Þorsteinn Guðjónsson						16

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfss töðum, Borgarfirði

Forsíðumyndin er af hinu fyrirhugaða húsi að Alfhólsvegi 121, Kópavogi, en Félag Nýalssinna hefur fest kaup á efri hæð þess. Í þessu blaði er einnig grunnteikning hæðarinnar gerð af Halldóri Halldórssyni arkitekt, en útlitsteikningin er gerð af Sveinbirni Þorsteinssyni, fyrrverandi formanni Félags Nýalssinna.

STJÖRNUSAMBANDSSTÖÐIN ALFHÓLSVEGI 121

KÓPAVOGI

1967.

Des. 21. An:	Önnur hæð og 1/2 kjallari áætluð verðhækkun	685.000.00 50.000.00
--------------	--	-------------------------

1968.

Jan. 3. Pr:	Greiddir peningar	200.000.00
Marz 31. -	- - -	125.000.00
Maí 15. -	Peningar	185.000.00
Júní 30. -		75.000.00
Júní -	Byggingarfél. Bængur, lán Einangrun, mýrhúðun, hiti, hreinl. tæki og innréttung	150.000.00 880.000.00
Júlí 31. Pr:	Peningar	220.000.00
Agúst 31. -	-	220.000.00
Sept. 30. -	-	220.000.00
Okt. 31. -	-	220.000.00
		<u>1.615.000.00</u>
		<u>1.615.000.00</u>

Des. 20. '67.	Stjörnusambandsstöðin, sjóður	263.960.00
Febr. 8. '68.	- - -	70.000.00
Febr. -		333.960.00
Maí 15. '68.	Parf að safna 59. ævif. á 3000/-	177.000.00
Maí -		
Júní 30. '68.	- - - 25. - - -	75.000.00
Júní -		585.960.00
Október 31.	Byggingarfél. Blængur, lán til 5 ára	150.000.00
		735.960.00
Júní -		
Október 31.	Parf að safna 293. æfivél á 3000/-	879.000.00
		<u>1.614.960.00</u>

Sigurður F. Ólafsson.

Frh. á bls. 15

DR. HELGI PJETURSS OG AFREK HANS.

I.

Þó hafið sé ennþá að hamast við sand
og himinn í stormskýjum sínum,
þá er nú þó vorið á leiðinni í land,
það er ljós yfir deginum þínum.

Þú átt bjartleitan gest og við unnum þér bezt,
að þú ættir hér fræknustu sporin.

Hér í álögum öll drjúpa dalir og fjöll
og þau dreymir um kóngsson á vorin.

Pannig kvað Þorsteinn Erlingsson til dr. Helga Pjeturss á afmæli hans fyrir um það bil hálfum sjöunda tug ára, og mætti nú spyrja, hvað hafi komið hinu ágæta skáldi til að komast þar svona að orði.

Pegar kvæðið var kveðið, sem þetta er upphaf að, hafði dr. Helgi að vísu gert hér mjög merkilegar jarðfræðiuppgötvanir, og þykir mér líklegt, þó að þær uppgötvanir væru þá ekki viðurkenndar, að gáfumaður eins og Þorsteinn Erlingsson var, hafi þá séð, að hann hafði þar rétt fyrir sér. En þó að Þorsteinn hafi séð fram á það, þá þykir mér ekki líklegt, að fyrir það eitt hafi hann komist svona að orði.

Einnig var það kunnugt, þegar þetta var ort, að auk sinna framúrskarandi námsafreka skrifaði Helgi Pjeturss íslenzkt mál á þann hátt, að fágætt hlaut að teljast. En þó að gott málfar og orðsnilli sýni öðru fremur ágæti hvers, þá getur það naumast heldur hafa verið aðalástæðan þarna.

Til þess, að Þorsteinn Erlingsson, sem sérstaklega langaði til, að enginn fyndi hjá sér neina lygi, færi að tala um konungsson líklegan til að leysa úr álögum, varð hann að hafa séð fram á eitt-hvað sérstaklega framúrskarandi, einhverja hæfileika til að leysa af hendi konungshlutverk, sem lengi hefði verið beðið eftir, og liggur nú fyrir spurningin um það, hvort dr. Helgi hafi nokkurt slikt hlutverk af hendi leyst. Spurningin er, hvort hann nokkru sinni hafi hér átt hin fræknustu spor, eða hvort hann nokkru sinni hafi afrekað það, sem verða mætti til þess að leysa úr álögum.

Ef marka ætti það, hve sjaldan er nú minnst á Helga Pjeturss og hve lítið mark virðist vera tekið á orðum hans, þá lægi beinast við að ætla, að skáldsnillingurinn hafi hér ekki orðið sannspár. Það sem helzt mætti ætla af öllu því, sem mest er áberandi og mest er ráðandi, er, að Helgi Pjeturss hafi aldrei neitt afrekunnið. Jafnvel jarðfræðiuppgötunum hans, sem viðurkenndar voru þó orðnar, er nú lítt á loft haldið, og virðist meira að segja líkast því, að þeir sem í þeirri fræðigrein þykja nú einna fremstir hér og mest eru ráðandi, gæti þess sem bezt að láta hans þar að engu get-

ið. Og þrátt fyrir hið góða málfar hans, sem ýmsir höfðu þó talað um og viðurkennt, var algjörlega gengið fram hjá honum í allstóru riti um íslenzkar bókmenntir á árunum 1918 til 1948, sem út mun hafa komið á dánarári hans 1949.

En þó þessi hafi hér orðið raunin, þá , þá sýnir það ekki hið rétta. Þó að fæstir hafi gert sér það ljóst eða vilji af því vita, þá varð það, sem Þorsteinn Erlingsson spáði eða sá fram á. Raunveruleikinn er, að Helga Pjeturss auðnaðist að bera fram stærri og þyðingarmeiri sannindi, meiri útfærslu vísindalegs skilnings á heimi og lífi en nokkrum samtímananna hans, og er það í hinu fyllsta samræmi við hin miklu slysa og heimskufyrirtæki aldarinnar, að þeim sannindum skuli enn ekki hafa verið sinnt. Á árunum 1918 til 1948, einmitt þeim árum, sem nefnt bókmenntayfirlit nær yfir, var það að þau rit hans komu út, sem framar öllum öðrum ritum fela í sér lausn álaganna og framar öllum öðrum ritum munu verða í minnum höfð, þegar fram líða stundir, nema þá að svo fari, sem sízt skyldi, að hvorki þeirra né neinna annara verði þá minnst. Sannleikurinn er, eins og hann líka hélt fram, en flestum mun enn þykja hið ólíklegasta, að verði þeim sannindum ekki sinnt, sem hann fann og bar fram í ritum sínum, þá verður ekki neins góðs að bíða á þessari jörð.

II.

Auðvelt ætti nú að vera að sjá fram á, hvað það einkum er, sem telja má aðalatriði þeirrar þekkingar, sem menn á síðari öldum hafa óðlast á heimi og lífi. Þannig liggur það í augum uppi, að leiðréttning Kopernikusar varðandi skilning manna á sólfganginum og hreyfingu reikistjarnanna, er undirstöðuatriði, og má þó ekki síður segja slíkt um þann skilning Brúnós, að fastastjörnurnar séu sólir. Má með sanni segja, að við það að gera sér það ljóst, hafi heimurinn fyrst verið uppgötvaður og að í heimsfræði hafi því aldrei verið stigið svo stórt spor fram á við. Stórkostleg þekkingarviðbót var það líka, þegar aðdráttarsambandið var uppgötvað eða þessi tengsl á milli sjálfra stjarnanna, sem stjórnar öllum hreyfingum þeirra, og vel má nú skilja, að er frumorsök þess, að þær skyldu nokkru sinni verða til. Og í líffræði, sem segja má, að miklu skemmra sé á veg komin en heimsfræðin, má tala um þann skilning sem mikið aðalatriði, að lífverurnar hafi hér þróast til þess, sem nú er, frá lítilli og ófullkominni byrjun, og má ef til vill telja þar hið næststærsta þekkingaratriði, þegar fruman var uppgötvuð. Þetta, að jurtir og dýr skuli hvert fyrir sig vera byggt upp og til orðið fyrir samfylkingu og samstarf ótal margra einstaklinga, er vitneskja, sem sannarlega gefur mikið fyrirheit. Og hvers vegna geta menn nú ekki séð, hversu það blasir einmitt við sem hið beinasta og eðlilegasta framhald þessara aðalatriða þekkingar og skilnings frá liðnum öldum, sem Helgi Pjeturss bar fram í ritum sínum? Ekkert getur talist sjálfsagðara út frá vitneskjunni um ótal-

mörg sólhverfi önnur, en þetta að víðar muni vera lifendur en á þessari jörð. Og þegar svo hins er gætt, hversu hver ein stjarna er háð öðrum stjörnum eða sambandi sínu við þær, þá má það ekki síður sjálfsagt virðast, að líf hverrar fyrir sig muni einnig vera háð lífi annara stjarna. Þetta, að lífsamband eigi sér stað á milli stjarnanna, sem sérstaklega ber að tala um sem kenningu Helga Pjeturss, mætti því vel hugsa sér, að sé stærsta meginatriði þekkingar, sem fundið hefir verið á þessari öld. En við það að kynna sér þær undirstöður, sem Helgi sérstaklega færði fyrir þeirri kenningu sinni og eru annað og meir en þau líkindi, sem vikið hefir verið að, þá liggur það alveg ljóst fyrir, að hér er ekki aðeins um nokkuð að ræða, sem vel megi hugsa sér, heldur raunverulega þekkingu og vissu. Það eru frá þeim undirstöðum séð engir hugarórar, að lifað sé hér af sambandi og til sambands við lifendur jarðstjarna í öðrum sólhverfum, heldur nokkuð, sem hlýtur að vera.

III.

Vegna heitis ritgerðar þessarar skal hér með fáum orðum vikid að dr. Helga Pjeturss sjálfum, en þess var hér getið að framan, að hann hafi í skóla reynst frábær námsmaður og síðar á ævinni ritað sérstaklega gott mál. Er um slíkt, eins og ég vék eitthvað að, meira vert en í fljótu bragði kann að virðast, því að sannarlega gott mál ritar ekki nema sá, sem hugsar bæði ljóst og vel. Gott málfar getur ekki verið öðruvísi en samfara ljósri hugsun, og verulega fallega segir í rauninni enginn neitt án þess að hafa í aðalatriðum rétt fyrir sér. Það að hitta naglann á höfuðið, eins og stundum er komist að orði um það, sem vel var sagt, er vitanlega hið sama og að hafa hitt á hið rétta. Gott málfar segir í rauninni til um hið sama og frítt og göfugmannlegt útlit, en þannig má nú einmitt segja, að útlit dr. Helga hafi verið. Hvar sem hann fór, hlaut hann að vekja á sér athygli vegna tíguleiks síns og svipheiðis, og er það í góðu samræmi við ummæli Jóhannesar Áskelssonar jarðfræðings, sem ég heyrði í einu útvarpserindi hans fyrir löngu, og enn fremur það, sem Anna Pjeturss sagði mér einhverntíma síðar. Voru ummæli Jóhannesar á þá leið, að hann hafi hjá engum manni fundið eins ríka góðvild og hjá dr. Helga, en Anna sagði, að ekki hafi verið unnt að hugsa sér elskulegri mann á heimili en hann hafi verið, og ætti hún manna bezt að geta boríð um það. Og segi nú einhver, að slíkt sem þetta sanni ekki neitt varðandi fundvísí á sannleikann eða hið rétta, þá hefir hann ekki rétt fyrir sér. Góðvildin er áreiðanlega sannsæknari en illvildin, þegar um er að ræða þau sannindi, sem bezt miða í framfaraátt. Þetta, sem framkom í rithætti, últiti og vinsamlegum kynnum dr. Helga við aðra menn, er einmitt mikil ástæða til að ætla, að einnig hafi komið fram í athugun hans og þekkingarleit á náttúrunni. Einnig þar hlaut að koma til greina hin óbælda hreinskilni og barnslegi einfaldleiki, sem svo mjög kom fram í öllu fari hans. Það er einmitt svo ákaf-

lega skiljanlegt, að það hafi verið vegna uppgerðarleysis síns og annars þess, sem hann svo greinilega bar með sér, að honum auðn-aðist að gera sér ljóst varðandi drauma sína það, sem öðrum hafði ekki auðnast að gera sér ljóst varðandi sína, en þetta með draumana var, eins og ég oft hefi tekið fram, undirstaða uppgötvunar hans á lífsambandinu á milli stjarnanna. Vegna hins heiðna og óbælda hugarfars síns auðnaðist honum að sjá, hvernig draumar hans voru, en það að skilja rétt byggðist þar eins og hvertvænt annarsstaðar á því að hafa réttilega séð, hvað var og hvað ekki var. Og það sem hann þar sá, var ekkert annað en það, sem manni finnst um drauma sína, ekkert annað en það, að þeir koma fyrir eins og hver annar veruleiki en ekki eins og einar saman hugrenningar. - Leiðréttung Kopernikusar á skilningi manna varðandi sól-arganginn var heldur ekki falin í því, að menn neituðu skynjun sinni. Hún var ekki falin í því að neita þeirri hreyfingu sólarinnar, sem manni virðist eiga sér stað á himminum, ekki falin í því að telja hana eintóman hugarburð eða tilbúning skynfæranna, sem væri alveg hliðstætt því, sem haldið er um draumana. Leiðréttung hans var aðeins falin í því að skilja, að hreyfing þessi var jarðarinnar en ekki sólarinnar. Leiðréttung hans var falin í því að gera sér ljóst, að það er frá sól séð en ekki jörð, sem þessa hreyfingu ber rétt fyrir og skiljanlega. Og varðandi draumana er þetta að sínu leyti eins. Leiðréttингin þar er falin í því að skilja, að draumskynj-anir sofandi manns eru ekki skynjanir hans sjálfs, heldur einhvers annars. Og eftir að hafa áttað sig á því og svo hinu, að þessi annar hlýtur löngum að vera íbúi einhverrar annarar jarðar, þá fór það að liggja ljóst fyrir og óhjákvæmilega, sem ég hér hefi talað um, að sé hið eðlilegasta framhald aðalatriða heimsfræðinnar. Eðli og þýðing svefnsins og undirrót lífsins á jörðinni lá þar nú loksins ljóst fyrir og einnig hitt, hvað lífið í rauninni er.

IV.

"Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum". Þannig eru upphafssorð Nýals, og þykir mér ævinlega eins og birti til, þegar ég hefi þau yfir.

I stuttri ritgerð, sem heitir Merkilegar setningar og merkileg mynd, talar Helgi Pjeturss um, að auðvelt geti verið að segja, hvað sé merkilegasta setning í bókmenntum heillar aldar. Þannig segir hann, að það sem merkilegast hafi verið ritað á 16. öld, sé sú setning Brúnós, að hinar óreikulu stjörnur séu sólir. Eftir Plótin hefir hann svo aðra setningu, sem hann telur að merkilegust hafi verið skráð á hans öld. En væri nú um það spurt, hvaða setningu beri að telja merkilegasta frá þessari öld, þá þykir mér sem þar geti ekki verið um að villast. Að þessari öld hygg ég að engin setning hafi verið skrifuð, sem, hvað vitkunargildi snertir, hafi jafnast á við þessa upphafssetningu Nýals. Sú hugsun, sem þar er

sögð í einungis fáum orðum, er einmitt það, sem Þorsteinn Erlingsson spáði fyrir í nefndu afmæliskvæði, því að sannarlega mætti hún verða, eins og höfundur hennar kemst að orði, "upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins en orðið hafa um allar aldir áður." Það sem þar ræðir um, mætti framar öllu öðru verða lausn álaganna, leiða til sáttu milli trúar og vísinda, skapa hér móttökuskilyrði hinum guðlega mætti og byggja brú milli hinna lifandi og látnu.

Fyrir skömmu rakst ég í tímariti nokkru á grein, sem mig minnir að bæri heitið Spíritismi og sálarrannsóknir, og sýndi hún allvel hina ríkjandi skoðun þeirra, sem telja vilja sig vísindasinna. Voru niðurstöðurnar í grein þessari á þá leið, að trú á miðilsfyrirbæri og líf eftir dauðann sé ekki annað en leifar gamallar hjátrúar og menningarlegrar vanþróunar, enda hafi svik og blekkingar sannast á flesta miðla. En til þess þó að vera öruggur gegn því, að sum þessara fyrirbæra verði ekki hrakin þannig, þá hóf greinarhöfundurinn þarna í lokin upp lofgerð um þá undraheima undirvitundarinnar, sem þeir Freud og Jung hefðu uppgötvað, og mun hann hafa ætlað, að þaðan mundi engin framlífssönnun geta sloppið.

Petta er nú, eins og ég sagði, það sem ríkjandi er annarsvegar, en hins vegar er það spíritisminn eða andatrúin, sem vonlaust er um að nokkru sinni geti mætst á raunverulegum og sameiginlegum sáttagrundvelli. En eitt er þeim Freudismanum og spíritismanum sameiginlegt, og vék ég hér að hvorutveggja vegna þess, að ég vildi þar vekja athygli á. En sá sameiginleiki er, hve óstjarnfræðileg hvortveggja þessi skilningsviðleitni er. Það liggur alveg ljóst fyrir, að hvorki spíritismi né Freudismi eru framhald þess, sem bezt hefir verið hugsað og skilið í heimsfræði, og gefur það ástæðu til að ætla, að hvortveggja sé jafnfjarri hinu rétta. Það ætti nú að vísu að liggja ljóst fyrir, að hinn spíritiski skilningur á lífinu er, hvað undirstöðu snertir, ekkert annað en heilaspuni. Auðvitað er það jafnmikil fjarstæða að tala um lífstilveru án efnis og það væri fjarstæða að tala um bók, sem ekki væri skráð bókstöfum, og breytir þar engu, hvað hugmyndir menn gera sér um efnið. En ekki síður er þar um heilaspuna að ræða og mis-skilning, sem Freudisminn er og annað slíkt. Undirrót allra þeirra fyrirbæra lífs og hugsunar, sem hér koma til greina er, eins og hreyfing stjarnanna, sambönd og samverkanir frá einum til annars. A sama hátt og draumur eins er ævinlega að undirrót vökulíf annars, þannig er öll skyggni, hugboð og annað slíkt tilorðið fyrir samskynjanir og hugsanaflutning, og má þá undir eins ljóst verða, að ekki dugi að binda hugsun sína einungis við þessa jörð og lifendur hennar. Hið stjarnfræðilega hugarfar er það eitt, sem leitt getur þar til fulls skilnings. Í stað spíritisma og undirvitundartrúar er það stjörnulíffræðin, sem verður að koma, því að án hennar er hvortveggja jafnórökstutt, frumlíf einstaklingsins og framlíf. An fyrirmýnda á öðrum hnöttum hefðu hér aldrei komið fram neinir lifendur, og án sambands við lifendur annara hnatta væri framlíf

einstaklinganna óskiljanlegt. En að vísu sjá menn yfirleitt þetta ekki enn fremur en að þeir sæju þýðingu aðdráttarsambandsins á milli stjarnanna áður en uppgötvun þess sambands hafði verið kunn-gerð og viðurkennd.

V.

Uppgötvun draumsambandsins ásamt þeim lögmálum, sem það koma til greina, er hið fræknasta spor, sem hér hefir verið stigið, og má segja, að allt hið helzta, sem áður hafði verið uppgötvvað í heimsfræði og öðru, séu drög og undirbúningur þess, sem sú uppgötvun leiðir í ljós. Frá þessari uppgötvun gefur slíkt viðsæi að líkast er því, þegar léttir af þoku, sem bannað hafði sýn nema til hins nálægasta umhverfis, og ógreinilega þó. A mórgu, sem að vísu sást þar, er ekki hægt að átta sig, meðan viðsæið vantaði.

Einhver kynni nú að vilja benda á það, að ýmsir, sem um skeið hrifust af þessu útsýni, hafi síðar snúið við því baki, og að slíkt hafi stafað af því, að þeir hafi komist að óraunveruleik þess. En þegar þess er gætt, að flestir þessir fráhverfendur munu þar hafa gerzt fráhverfendur vegna upphefða einhverskonar eða frama, sem þeir vegna lærðoms eða einhvers annars höfðu hlotið, þá er engin ástæða til að ætla, að fráhvarf þeirra hafi orðið af því, að þeir hafi séð fram á annað réttara. Vegna þess, hve óhjákvæmilegt það er á leiðinni til upphefðar og frama að ganga á hönd hinum ríkjandi hugsunarhætti, hefir fráhvarf þetta jafnan orðið, og þarf það allsekkji að hafa verið sjálfrátt fráhverfendunum. Við það að umgangast aðallega þá og þiggja traust þeirra, sem mjög eru fjarri öllum djörfum niðurstöðum, hættir hann að sjá það, sem honum einu sinni þótti þó mest um vert, og verður af þessu skiljanlegt, að hinir þrautseigari fylgjendur þessa málstaðar skulu, eins og vist jafnan, þegar um framkomu megin sanninda var að ræða, vera aðallega einhverskonar sérvitringar og utangarðsmenn mannfélagsins. En hvort mun þá ekki einnig hér koma að því að lokum, að þessi uppgötvun verði þegin eins og þær, sem hún er framhald af og leitt hafa því til hennar að nokkru?

Dr. Helgi Pjeturss kom aldrei við sögu í stjórnmálum og öðru slíku. Starf hans var eingöngu falið í leit að þekkingu og skilningi á sjálfum sér og þeim heimi, sem lifað er í, og er það enn ein ástæðan til þess að ætla, að einmitt þar hafi orðið hjá honum árangur. Þó að það hafi jafnan leitt til lítillar frægðar og eftirtektar meðal samtímamanna, þá er sannarlega ástæða til að ætla, að þeim vinnist meir í sannleiksátt, sem meira meta þekking og sannleik en allt annað. En þrátt fyrir það að vera ekki þjóðmálamaður í þeim skilningi, sem það jafnan er látið tákna, þá var það framgangur hins íslenzka málstaðar, sem hann flestum fremur bar fyrir brjósti. Enginn hefir sem Helgi Pjeturss haldið því fram, að hinni íslenzku þjóð væri hið mesta hlutverk ætlað, og taldi hann reyndar, að sér-staklega merkilegu hlutverki hafi hún þegar gegnt með varðveislu hins góða máls og annarri geymslu hins fornorræna menningar-

arfs. En framhald þess að hafa gegnt því hlutverki taldi hann svo það, að þeir tækju upp forgöngu að því að færa sér í nyt og bera fram þau sannindi, sem hann lengi leitaðist við að fá þá til að skilja. Og skyldu menn nú ekki einhverntíma sjá fram á það, að undir því framhaldi hafi það verið komið, hvort hið fyrra hlutverk var ekki til einskis af hendi leyst? Skyldu Íslendingar ekki einhverntíma sjá fram á það, að varðveisla máls og þjóðernis þeirra er framar öllu undir því komin, að þeir viti sig eiga miklu hlutverki að gegna?

Porsteinn Jónsson.

STEINUNN J. INGE

Steinunn Jónsdóttir Inge heitir íslenzk ágætiskona í Kanada (Foam Lake, Sask), sem hefur haft sambönd við Nýalssinna undanfarin tvö ár. Byrjaði það á því að hún bað um Nýal til kaups (1965), og var vitneskja hennar um félagið komin henni frá Finnboga Guðmundssyni landsbókaverði, áður prófessor í Winnipeg. En Anna Pjeturss kom beiðni hennar um bækurnar áleiðis til félagsins. Snemma árs 1966 fekk hún svo bækurnar og svaraði um hæl með vingjarnlegum og hvetjandi orðum, og síðan hefur hún átt stöðug bréfaskipti við okkur, sent féluginu peningaupphæðir, ýmist að gjöf eða fyrir Nýolum, og nemur það nú orðið allmikilli upphæð, sem félagið hefur fengið frá henni þannig. Nú er hún að afla fjárframлага til stjörnusambandsstöðvarinnar, og er fyrsta gjöfin komin til skila, um 1000 krónur frá frú Indíónu Sigurðsson, Árborg, Man., frænku dr. Helga.

Það sem mest er um Steinunni vert er þó guðsamband hennar við Helga Pjeturss og aðra þar: Stephan G. Stephansson, Jakob Norman og Pétur Norman bræður sína og önnur skyldmenni. Eru það skilaboð ýmis til eftirlifenda og hvatningar um að fylkja sér um málstað Helga Pjeturss og kynna öðrum kenningar hans. Í einu skeytinu sem hún hefur tekið við, hefur hún það eftir Pétri bróður sínum, að "jörðin þar sem hann býr, sé ekki ólík þeirri sem hann fór frá, en lifnaðarhættir og fyrirkomulag gjörólíkt".

Steinunn er kona háöldruð, verður 94 ára þ. 1. apríl n.k., og missti hún annan fótinn fyrir nokkrum árum og situr í hjólastól síðan, en það greri fljótt fyrir stúfinn og hefur hafst vel við. Steinunn á marga afkomendur, frændfolk og vini, og er hún sískrifandi í allar áttir - íslenzka hennar er afbragð, en því sem ekki skilur, skrifar hún á ensku - og jafnan hvetjandi um að veita kenningum Nýals verðuga athygli. Mörg bréf hafa farið á milli okkar Steinunnar, og væri þar margt þess vert að taka það upp, en hér fer á eftir kveðja sem hún sendi okkur nú nýlega.

Porsteinn Guðjónsson.

Kveðjan frá Steinunni:

"Jæja góði Þorsteinn minn... ég vildi að ég ætti það skilið, þegar þú líkir mér við frænda minn Helga Pjeturss. Ég skil vel hvað þú meinar, að þar sem þið standið upp með kenningum Helga Pjeturss, hafi það verið og sé ennþá erfitt; að standa upp með sannleikanum. Ég bið Guð að gefa ykkur vaxandi styrk daglega, til að vinna að því sem bjargað gæti þessu mannkyni þessarar jarðar, af helvegi, sem troðinn hefur verið frá upphafi til ávallt meiri sundrungar - stríða og hópmorða og gereyðileggingar að lokum. Ég vona að ykkur takist þrátt fyrir allt að leiða mannkynið á veg lífsins og ávallt meiri samstillingar, sem leiðir til þroska og æðstu vizku - óendanlega."

Steinunn Jónsdóttir Inge.

EFTIRTEKTARVERÐUR DRAUMUR OG FJARHRIF.

Kunnur og merkur maður og kona hans sögðu mér á síðast-liðnu sumri draum og að ég hygg sjaldgæft fyrirbrigði sem honum var samfara. Mér þótti þetta svo merkilegt og sérstætt, að ég fór fram á það við hann að hann skráði drauminn og ég fengi að fá hann birtan í Félagsblaðinu. Hann tók vel í þetta mál mitt og sendi mér hann nú fyrir skömmu og er hann hér orðréttur í eftirfarandi:

"Það var eitt kvöld að við hjónin vorum háttuð, og vorum að lesa, hvort í sínu rúmi, ekki man ég nú hvað ég las, held það hafi ekki verið neitt merkilegt. Ég hafði ekki lesið lengi, þegar mig tók að syfja og legg frá mér bókina, slekk ljósið míni megin og sofna strax. Mig dreymir þá að ég kem niður í herbergi, sem er hér á neðri hæðinni og er þar hálfrökkur inni. Ég sé að þar eru tveir menn fyrir og er annar að leika á orgel, sem ég á, en er þó ekki í veruleikanum í þessu herbergi, ákaflega fagra tónlist, sem ég kannaðist þó ekki við, en ég þykist vita að það sé eftir Mozart. Ekki þekki ég manninn, sem leikur á orgelið, en mér finnst að það sé Páll Ísólfsson, sem stendur við hliðina á honum. Ég fæ mér sæti þarna út í horni og hlusta á þessa tónlist um stund. Þegar maðurinn hefir lokið leik sínum stendur hann upp og þeir Páll standa hlið við hlið og horfa á mig dálítið kánkvíslega að mér finnst. Ég veitti því athygli, að maðurinn, sem ég ekki þekkti, var með eitt hvert merki í vinstra jakkahorninu. Þessi maður var mjög áþekkur Páli að vallarsýn. Þeir benda mér nú að koma með sér og alltaf eru þeir dularfullir á svipinn. Mér finnst nú að ég fylgi þeim eftir löngum gangi og inn í stóran skrautlegan sal. Engan mann sé ég þar inni, en heyri þó fagra tónlist leikna af strengjahljóm-sveit og fannst mér þessi tónlist berast frá skrautlegu leiksviði, sem var í enda salarins. Veiti ég því nú athygli að ég er þarna einn og í því vakna ég. Kona míni er enn að lesa, þegar ég vaknaði,

enda hafði ég varla sofið nema í tíu mínútur. Ég man að mér leið ákaflega vel, þegar ég vaknaði og lá nokkra stund þegjandi, en segi svo við konuna."Mig dreymdi svo fallega músík". Þá segir hún: "Jæja, heyrðir þú hana líka." Þetta kom mér á óvænt og því spurði ég hana, hvort hún hefði verið að hlusta á einhverja músík. "Ég hugsa að ég hafi heyrt og séð það sem þig var að dreyma" sagði hún. Ég sagði henni nú drauminn í stórum dráttum og meðal annars gat ég um mennina two, sem voru í herberginu, en ekki gat ég um merkið, sem ég sá ókunnamanninn vera með í jakkaboðanum. Þá segir konan: "Hvaða merki var það sem Páll var með í jakkanum!" Ég svara: "Það var ekki Páll, heldur hinn maðurinn, sem var með merkið, en ég sá ekki hvað það var, vegna þess að það var svo skuggsýnt í herberginu". Hún semsagt sá og heyrði allt sem mig hafði dreymt."

12. jan. 1968.

Bjarni Bjarnason, Brekkubæ.

Samband við framliðna hafa menn talið eiga sér stað frá örðfi alda, og margir telja nú á tínum, að sannanir hafi fengizt fyrir því að það samband sé til. En að þetta sé hið sama og samband við aðra hnetti er tiltölulega nýtilkomin hugsun, og hefur enn ekki náð nema til lítils minnihluta. Enda er miklu styttra síðan menn vissu, að til eru aðrar s stjörnur en frá því að menn fóru að gera sér hugmyndir um framlíf. Þó mun nú svo komið hér, að menn munu ekki telja óskyndamlegt að líta svo á, margir hverjir, að ráðning hinnar miklu gátu kunni að vera eitthvað á þessa leið. Og væru menn spurðir hvort þeir væru fylgjandi rannsóknunum og tilraunum (miðilttilraunum), sem gerðar væru með þennan skilning í huga, þá býst ég við að margir mundu telja slíka viðleitni lofsverða heldur en hitt. Menn munu með öðrum orðum ekki setja sig á móti því að leitað sé sambands við aðra hnetti, og væri það jafnframt að einhverju leyti samband við framliðna sem þannig fengist, þá kynni einum og öðrum að leika hugur á að fylgjast með því sem þannig væri verið að reyna. Því mun ekki verða neitað, að samband við framliðna er eitt það, sem menn finna mikla þörf hjá sér að leita eftir.

Hér í Reykjavík er starfandi Félag Nýalssinna, og þó ekki eingöngu í Reykjavík, því stuðningsmenn á félagið á ýmsum stöðum utan borgarsvæðisins, einkanlega í sveitum landsins, - er þó víst víðasthvar lengra á milli þeirra en svo að þeir geti kallazt á. Það hefur lengi verið mark og mið þessara félagsmanna að koma upp húsi því sem nefnt er stjörnusambandsstöð, en það er með öðrum orðum staður, þar sem sambands yrði leitað með áður áminnztum aðferðum.

Að það hefur ekki gerzt fyrr, að stöðinni yrði komið upp, stafaði meðal annars af því, að sambandsviðleitnin (tilraunir) var ekki komin nógum vel á veg, en slík samtaka viðleitni var alveg nauðsynlegt skilyrði þess, að nokkuð þýddi að ráðast í byggingu stöðvarinnar. Eins og fram hefur komið í Félagsblaði Nýalssinna, þá hafa nú um skeið verið gerðar sambands-tilraunir á vegum félagsins, sem að vísu eru enn á byrjunartigi, en þó má segja að árangur sé þegar orðinn nokkur. Skal þó ekki fjölyrt um það hér, en vísað til Félagsblaðsins og Nýalanna sjálfrá, sem auðvitað er undirstöðuskilyrði að þekkja til þess að öðlast skilning á þessum málum.

Sú spurning hefur víst nokkuð oft komið fram meðal sambandsleitandi fólks á landi hér, hvort ekki mundu þeir hinir mörgu, sem leggja stund á slíka leit, geta haft meiri og frjálslegri tengsli sín á milli en verið hefur og er ég ekki í vafa um að Nýalssinnar munu líta svo á, að slíkt mætti vel verða. Þegar um lækningar er að ræða af hendi slíks fólks (sambandslækningar, huglækningar), þá mun yfirleitt ekki vera um samkeppni að ræða þar sem bezt tekst og bezt er að verið, heldur samhug, enda munu margir ætla að það sé fremur út frá slíku hugarfari, sem lækningar er að vænta. Það er með öðrum orðum lögmál stilliáhrifanna, sem menna hafa þarna nokkurt veður af, og er þá sá skilningur orðinn ekki svo mjög fjarlægur, að huglæknarnir séu fyrst og fremst stillar til sambands við þá sem hjálpinna veita úr öðrum stöðum (og þeim mjög fjarlægum). Á þennan hátt er það sem hið skyggna og hugsterka fólk gæti átt samleið hvað með öðru, því að það er á engan hátt óskiljanlegt að áhrifin frá tveimur eða fleiri samvöldum huglæknum gætu skapað betri skil-yrði en þegar aðeins einn reynir.

Stjörnusambandsstöðin mundi greiða fyrir samböndum milli einstaklinga með slíka hæfileika, enda mundi þá brátt koma að því að því fólk færi að þykja eðlilegt að hugsa sér að heimur hinna framliðnu sé á öðrum hnöttum, jafnvel þótt það hefði sjaldan leitt hugann að þeim efnum áður.

Þorsteinn Guðjónsson.

SIGURVÆNLEIKI HIKLEYYSISINS.

Svo sem ýmsir Nýalssinnar muna víst eftir, þá var á síðast-liðnu hausti í "velvakanda" Mbls. rætt um hina svokölluðu lasageisla, sem sagt hafði verið að færu níusinnum hraðar en ljósið, og leyndi sér þar ekki hliðhollustan við hina ríkjandi skoðun, sem var heldur ekki nema eðlilegt. Þar sem lítt eða ekki er um sjálfstæða hugsun að ræða, er að sjálfsögðu ævinlega hallast á sveif með þeim, sem

haldinn er máttarmeiri. En er ég nú fyrir skömmu sá, að "velvakanandi" hafði þarna orðið að breyta afstöðu sinni að nokkru, þá varð mér það fyrst fyrir að taka fram sögu Þórðar kakala og lesa enn einu sinni um baráttu hans fyrir leiðrétti málstaðar síns. Eins og honum tókst vegna hikleysis síns hafði hér einnig tekist vegna hiklausrar einurðar að fá hið óárennilega vald ósjálfstæðisins til að hliðra nokkuð til, enda var vopnið gott, sem þarna var beitt. Að sjálfssögðu þykir flestum öruggt að standa í skjóli Alberts Einsteins og annara slíkra, þegar rætt er um ví sindaleg málefni. En hafi hinsvegar eitthvað andstætt því komið fram utanlands og þá ekki sízt hafi það verið vestur í Bandaríkjum, þá verkar hér fljótt, sé á það bent.

Þegar gætt er að því, hve rækilega þeir Gissur og Kolbeinn höfðu búið um alla hnúta gagnvart Þórði Sighvatssyni og frændum hans, þá verður varla annað sagt en hann hafi hafð vonlausa baráttu. Hvarvetna voru menn fjötraðir þannig, að liðvezla sýndist naumast geta komið til greina, en á móti voru hinir öflugustu menn til illverka, sem líklega höfðu nokkrusinni vaxið upp á Íslandi. Hví líkt magn fylgt hefir hrottanum Kolbeini unga sýnir herfjötur sá, sem kom á Þorleif Gilsson og Helgi Pjeturss talar um í Sannýal, bls. 130. Og enn kemur til greina nokkuð hið sama hjá Bárði Snorrasyni, sem Kolbeins menn drápu um leið og farið var að Tuma Sighvatssyni hinum yngri. "Hann hafði leiddan inn hjá sér hest sinn ok réð til þrisvar á bak að hlaupa - en hann var manna bezt hestfær - og komst engan veg upp", og verður slíkt naumast skilið á annan veg en þann, að áhrifamagn Kolbeins og manna hans hafi svona dregið magn frá honum. Og þessu skylt er nú það, sem fylgjendur Nýals hafa stundum orðið að kenna á, þó að með öðrum hætti hafi verið, og hafa víst sumir lamast svo af, að þeir hættu að trúua sjálfum sér eða því, sem þeim hafði fundist. Hið ríkjandi vald heimsku og ósjálfstæðis getur sannarlega virzt óárennilegt eða jafnvel ógnandi, og verður það þannig ekki sízt, þegar það styðst við sérstaklega frægar ví sindakenningar. En þar sem algjört hikleysi er til móts, getur einnig sigurvaenleikinn verið ótrúlegur, og sýna þau umskipti, sem urðu við tilkomu Þórðar Sighvatssonar, það sérstaklega vel. Og svo sem hann vissi sig berjast fyrir rétti sínum, þannig mega Nýalssinnar vera sér þess vitandi til fulls, að hið rétta er í öllum aðalatriðum þeirra megin. Enginn sá, sem gert hefir sér ljósan raunveruleik lífsambandsins á milli stjarnanna, þarf að láta sér koma til hugar svo lágkúrulegan tilveruskilning, sem það er, að öll sambönd og kraftflutningar á milli stjarna og vetrarbrauta, takmarkist við hraða ljósgeislans, og breytir þar engu þó að sú skilningstakmörkun sé kennd við frægasta ví sindamann aldarinnar. Hvað sem sá ví sindamaður kann að hafa haft til síns ágætis, þá hefir hann þar ekki haft rétt fyrir sér.

P. J.

EFTIRMÁLI HEFTISINS.

Upphafsgrein þessa heftis var eitt sinn ætluð til flutnings í útvarp. En þar sem ráðamenn þess munu ekki hafa kært sig um neitt slíkt á 95 ára afmæli Helga Pjeturss í fyrra, þá varð víst aldrei af að farið væri með hana til þeirra. Nú ætti félagsblaðið hinsvegar að geta birt hana nálægt 96 ára afmæli hans, og verður hún þá þar lítillega breytt og aukin frá því sem hún var í fyrstu.

Ljóst ætti það að geta legið fyrir hverjum einum, að draumur sá sem Bjarni Bjarnason segir hér frá, hefir hlotið að verða til fyrir samband og samskynjan, og er hann hliðstæður því, þegar önnur hjón fjarskynjuðu samtímis, þar sem þau voru á gangi einhversstaðar nærri heimili sínu í Borgarfirði, slátt dómkirkjuklukkunnar í Reykjavík. Gerðist það nákvæmlega á sömu stundu og nefnd klukka átti að vera að slá og einmitt á þann hátt, sem þeim heyrðist. Liggur af þessu beint við að ætla, að það hafi engu síður en sláttur dómkirkjuklukkunnar verið raunveruleiki, sem bar fyrir sögumenn Bjarna, hann sofandi en hana vakandi að nokkru leyti, og ber þess þó að gæta, að þar blönduðust í ýmsar rangþýðingar. Vitanlega hefir það ekki verið Páll Ísólfsson, sem þau þóttust sjá, og er annars eftirtektarvert, að sú rangþýðing skyldi verða hjá þeim báðum. Það er líklegt, að svona samdreymi eigi sér stað miklu oftar en vitað er og að það dyljist þá meðal annars af því, að rangþýðing eins er venjulega ekki hin sama og einhvers annars. En hér er nú ekki ólíklegt, að það hafi einmitt verið þessi sameiginleiki hjónanna einnig í því að rangþýða, sem leitt hefir þau til hinnar sameiginlegu fjarskynjunar.

Að endingu vil ég hér geta þess, að ég vænti sérstaklega góðs af sambandstilraunum, þar sem Nýalssinnar eru bæði miðlar og sitjarar, en slíkt mun vera alveg nýtt í sögu þessarar jarðar. Allt frá því að líf varð hér til og þó einkum eftir það að maðurinn kom hér fram, hefir fullkomnum lífsambandsins verið það, sem leitast var við að stefnt yrði að. Og það sem vantað hefir af hálfu jarðarbúa til þess að sú fullkomnun gæti orðið, er stjörnulíffræði sú sem með Nýal hófst. Rétt eins og það er nauðsynlegt til þess að vel heyrist í útvarpstæki, að nákvæmlega sama kraftskipan sé þar og í senditæki útvarpsstöðvar, þannig hlýtur það einnig að vera nauðsynlegt til góðs árangurs, að sameiginlegur og réttur tilveruskilningur ríki hjá viðtakendum sem veitendum á sambandsfundum. Ég veit að vísu að enn er þungt fyrir og að reynt mundi verða í lengstu lög að rengja allan góðan sambandsárangur, sem tækist. En vissan um að vera á rétttri leið ætti að geta gefið okkur aukna einurð og hikleyxi, en hvortveggja það er, eins og ég vík að í smágrein hér að framan, stundum furðulega sigursælt.

P.J.

Eins og þetta yfirlit ber með sér, er byggingaráætlunin í tveimur aðalþáttum. Fyrst er það, sem þegar hefur verið samið um við byggjendur: að koma upp húsinu fokheldu (2. hæð). Því á að verða lokið um mitt sumar (30. júní), og verður þá að vera hægt að standa skil á tiltekinni upphæð, það er verði 2. hæðar að frá-dregnu láni því sem byggjendur veita. Aætlunin sýnir greiðsludaga og greiðsluupphæðir til 30. júní n.k., samtals 585.000.00 kr., og gekk fyrsta greiðsla til byggjendanna þ. 3. jan. samkvæmt því. Að þessum greiðslum afloknum á 2. hæð fokheld að vera orðin eign félagsins þann 30. 6.


Annarsvegar eru svo fjármunirnir sem fara til þessara greiðslna. Yfirlitið sýnir eign hjá sjóði stjörnusambandsstöðvar kr. 263.960.00 þ. 20. des. sl., en þess ber að geta að verulegur hluti þeirrar upphæðar var bundinn í láni til Nýalsútgáfunnar vegna bókbands á síðari hluta upplagsins. En gjaldkeri félagsins sá til þess með eigin ráðum og fjárframlögum, að þeir peningar yrðu lausir, og munaði mest um það til þess að framkvæmdir gætu hafizt. 70.000.00 kr. bættust í sjóðinn frá 20. des. - 8. febrúar, og munar þar mest um framlög nokkurra manna. Einnig er söfnun styrktarfélaga þegar farin að bera árangur.

Takist að ljúka fyrri greiðslunum eins og til er ætlazt, má fara að hugsa um framhaldið, en það er að ganga svo frá byggingunni, að þar geti orðið húsnæði félagsins. En þar er aðaláatakið sem framundan er. Eins og sjá má eru það rúm 200.000.00 sem þyrftu að safnast í hverjum mánuði frá júlfþyrjun til októberloka. Eigi það að takast sem ætlað er, þurfa margir að verða samtaka um að láta ekki sitt eftir liggja.

- - - - -

Samningurinn um byggingu hússins að fokheldu var undirritaður 21. des. sl. - skemmsta daginn - af formanni og gjaldkera félagsins.

ALFHÓLSEVGUR 121
KÓPAVOGI



FRÁ BURDLÍK

Rétt um það leyti sem síðasta blað (febr. 1968) var að koma út, kemur Burdlík í samband á tveimur tilraunafundum, í síðara skiptið mjög kröftuglega, og talaði málið sitt furðulega, með miklum hraða og áhuga, og líklega nokkuð eðlilega, en þó ekki með þvílíkum hreimi sem í fyrstu ræðunni (1966). Á eftir var okkur sagt að nú hefði honum orðið tölувert ágengt með félögum sínum, og væru þeir búnir að koma sér upp lítilli sambandsstöð uppi á fjalli einu, og væru nú breyting að hefjast þar á jörð. Á fyrri fundinum kom aðeins fram að hann væri staddir uppi í fjalli ásamt fleira fólk, og var þá ekki getið um sambandsstöð, - en mjög fundust honum orð um hvað sólskinið væri bjart, og er það að vonum, því að sólin Siríus eða Litabrá, sem Helgi Pjeturss nefndi svo, - sú sem skiptir litum í sífellu, mun vera furðu björt að sjá í sínu næsta nágrenni. - Stuðningsmaður hins ágæta vitrings, sem getið var í frásögn, heitir líklega Ordník eða Úrník, en óskandi væri að einhverjir sambandsnæmir menn utan hringsins reyndu að heyra þetta nafn, ef skilyrði gæfust til þess, og láta okkur þá vita. - Það þarf að leiðréttu að heimildirnar sem ég fór eftir um Huygens voru ekki nógu glöggar til þess að víst sé af þeim að hann hafi tiltekið Siríus sem heimkynni annars mannkyns, heldur aðeins að svo væri á einhverjum öðrum stjörnum. En þar sem áhugi hans beindist svo mjög að því að skoða Siríus, er líklegt að hann hafi haft þá stjörnu í huga.

Borsteinn Guðjónsson.

* Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að vekja athygli á hinum nýja heimsskilningi, sem dr. Helgi Pjeturss bar fram, og stuðla að hagnýtingu þess skilnings. Félagsfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, kl. 9., í húsnæði félagsins á Laugavegi 24. Rvík. Framlög til stjörnusambandsstöðvar má senda í pósthólf félagsins 1159 eða snúa sér beint til stjórnarmanna félagsins, sem eru:

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni (s. 30688), heima, Háþraut 4 (s. 40593).

Sigurður Ólafsson, Fálkanum (s. 18670), heima, Skaptahlíð 5 (s. 16274).

Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.